

Upplýsingablað: Málsvæðir á menntavegi

WFP/PA. Skallerud



Inn í skólana,

WFP/PE. Broli



Út úr neyðinni

Við getum alið barn í skóla í eitt ár fyrir aðeins 15 krónur á dag, eða innan við 2500 krónur á ári.

WFP/OS. Lombard



400 milljónir	Fjöldi barna í heiminum sem fara svöng í rúmið.
115 milljónir	Fjöldi barna á skólaaldri sem ekki ganga í skóla.
62 milljónir	53% barna sem ekki ganga í skóla eru stúlkur.
50 milljónir	Fjöldi svangra barna sem ekki fá neina aðstoð sem stendur.
Kr. 2500	Árlegur kostnaður áætlunar WFP um málsvæði á menntavegi á hvert barn.
15 krónur	Daglegur kostnaður áætlunar WFP um málsvæði á menntavegi á hvert barn.

WFP er stærsta mannúðarstofnun heims. Árið 2005 dreifði WFP skólamáltíðum til 21,7 milljóna barna í 74 löndum; í heild úthlutaði WFP matvælum til 96,7 milljóna manna í 82 löndum.

Hvers vegna skiptir áætlunin um málsvæði á menntavegi máli?

Málsvæðir á menntavegi er víðtækt heiti sem nær yfir fjölmörg verkefni þar sem matvælaaðstoð er notuð til þess að efla grunnmenntun á svæðum þar sem fæðuástandið er ótryggt. Stærsti liðurinn í áætluninni er skólamáltíðaráætlun matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna (WFP), en aðrar áætlanir stuðla að læsi fullorðinna eða forskólamenntun, eða beitingu matvælaaðstoðar til hvatningar fyrir kennara.

- Næringarríkur matur og menntun gera fátækum börnum kleift að brjótast út úr **vítahring örbirgðar**. Rannsóknir sýna að menntaðar stúlkur giftast síðar á ævinni, eignast færri börn og lengri tími er á milli barnsfæðinga. Einnig eru menntaðir foreldrar líklegri til að senda eigin börn í skóla.
- Skólamáltíðir og menntun stuðla einnig með beinum hætti að **bættum tekju-möguleikum fólks**. Rannsókn á vegum Alþjóðabankans sem tók til 13 landa sýndi að fjögurra ára grunnskólanám jók framleiðni bænda um allt að 10 af hundraði.
- Sterk tengsl eru milli menntastigs og **þjóðartekna**. Könnun á vegum UNESCO sýndi að í löndum þar sem læsi fullorðinna var 40% var þjóðarframleiðsla á mann að meðaltali 210 bandaríkjadali á ári, en í löndum með a.m.k. 80% læsi fór þjóðarframleiðsla yfir 1000 bandaríkjadali.
- Áætlunin **málsvæðir á menntavegi** beinist að einstökum börnum en skilar áþreifanlegum árangri fyrir samfélög í heild. Rannsóknir hafa sýnt að næring og menntun eru skilvirkasta **fjárfestingin í atvinnulífi framtíðarinnar**. Arðurinn kemur einna skýrast fram í velmegun eftirstríðsáranna í fjölmörgum löndum á borð við Finnland, Þýskaland og Japan.
- Á **neyðartímum** eru máltíðir, sem veittar eru með milligöngu áætlunarinnar um **málsvæði á menntavegi**, mikilvægur næringarþáttur og meira að segja í skólum sem reknir eru við bráðabirgðaaðstæður tryggja þær að menntun falli ekki niður og að **kynslóðir verði ekki af menntun** vegna neyðarástands. Við slíkar aðstæður geta skólamáltíðir og skólastarf gefið lífinu eðlilegt yfirbragð þrátt fyrir erfiðar aðstæður.

Hvernig hafa skólamáltíðir áhrif?

- **Skólamáltíðir laða börn að skólum.** Jafnframt því að fæða svöng börn stuðla skólamáltíðir WFP að aukinni skólagöngu í grunnskólum, betri mætingu og stærra hlutfalli þeirra sem klára skólagöngu sína.
- Matarpakkar sem börn fá heim með sér stuðla að **menntun stúlkna** þar sem matarskortur eða efnahagur letja foreldra frá því að senda dætur sínar í skóla.
- Ennfremur stuðla slíkir matarpakkar að menntun barna sem standa höllum fæti. Álag sem stafar af fátækt og þörfinni á að sjá sér farborða eða passa systkini, aldraða ættingja eða foreldra, sem þjást af afleiðingum HIV veirunnar, getur orðið til þess að börn missi af skólagöngu. Matarpakkar sem börn fá með sér heim eru hvatning til foreldra og umönnunarfélki að mennta börnin sín í stað þess að senda þau til vinnu.
- **Skólamáltíðir hjálpa börnum að einbeita sér að náminu** og standa sig betur, og þannig ljúka þau fleiri árum í skóla. Áætlanin um málsverði á menntavegi sér börnum fyrir að minnsta kosti einni næringarríkri máltíð á dag,

annað hvort árbít, miðmorgunverð og/eða hádegismat.

- Skólamáltíðir eru nauðsynlegar, en nægja ekki einar og sér, til þess að stuðla að menntun. Þess vegna hvetur WFP samstarfsaðila sína til þess að leggja enn frekar af mörkum til skapandi skólaumhverfis.
- ”Grunnpakki,”** aðgerðanna felur í sér grunnmenntun, skólamáltíðir, hreint drykkjarvatn, einangruð salerni, fæðubótarefni, ormahreinsun, skólagarða, svo og kennslu í grundvallaratriðum á borð við heilbrigðismál og lífsleikni, þ.m.t. leiðum til að fyrirbyggja malaríu og HIV smit.



WFP/J. C. Salinas

WFP: hafsjór reynslu og þekkingar.

- Á undanförunum **fjórum áratugum** er WFP orðin heimsins stærsti útvegandi skólamáltíða og matarpakka sem fátæk börn geta tekið með sér heim úr skóla. Á árinu 2005 lagði WFP til skólamáltíðir handa 21,7 milljónum barna í 74 löndum.
- WFP er einnig í fararbroddi í stuðningi við menntun **barna sem standa höllum fæti**, einkum stúlkna. Árið 2005 fengu meira en 3,8 milljónir barna í erfiðleikum matarpakka með sér heim fyrir milligöngu áætlana WFP og var meirihluti þessara barna stúlkur.
- Árangur ársins 2005 gaf tilefni til bjartsýni, því skráning og ástundun **stúlkna** í skólum jókst í öllum löndum þar sem matarpakkar höfðu nýlega verið teknir upp.
- WFP ætlar sér að styrkja **samstarf** sitt við aðrar stofnanir Sameinuðu þjóðanna, svo sem UNICEF, UNESCO og Alþjóðaheilbrigðisstofnunina, Alþjóðabankann og NEPAD, svo og við frjáls félagasamtök, ríkisstjórnir þróunarríkja, atvinnulífið og aðrar borgaralegar og trúarlegar stofnanir. Samstarf við þessa aðila er lykillinn að árangri og bættri samhæfingu allra þeirra þátta sem nauðsynlegir eru til þess að menntunaráætlanir takist vel, og má þar nefna þróun námsefnis, bættu kennaraþjálfun, nothæfar skólastofur og "grunnpakkann" áður nefnda.
- Þökk sé **áframhaldandi aðstoð stuðningsaðila** hafa skólamáltíðar-áætlanir WFP náð settum markmiðum og dregið sig út úr 38 löndum. Engu að síður þarf WFP enn meira fé til þess að ná til barna í neyð sem ekki hljóta neina aðstoð. Í ljósi þess að framtakið kostar aðeins 15 krónur á dag og að rétt um 7% framlaga er varið í umsýslukostnað er einsýnt að áhersla WFP á skólamáltíðir er ótrúlega hagstæð fjárfesting og hér er á ferðinni skuldbinding sem við höfum ekki efni á að missa af.

Til þess að gefa barni skólamáltíð

Heimsækið www.wfp.org / og smellið á **“Donate Online”** eða lítið á wfp.aidmatrix.org/

Nánari upplýsingar má finna á slóðinni

www.wfp.org/schoolfeeding eða með því að senda tölvupóst á schoolfeeding@wfp.org